



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 16. september 2025
SPS

Efni: Starfslokasamningar

Bæjarfulltrúar Viðreisnar, Pírata, Samfylkingar og Vina Kópavogs hafa með fyrirspurn, dags. 20. maí 2025, óskað eftir upplýsingum um starfslokasamninga. Í fyrsta lagi er óskað afrita af öllum starfslokasamningum sem Kópavogsbær hefur gert frá upphafi þessa kjörtímabils. Í öðru lagi er óskað eftir upplýsingum um til hvaða heimilda í lögum, reglum eða samþykktum Kópavogsbæjar sé vísað þegar gerðir eru samningar um starfslok, sem fela í sér önnur réttindi en þau sem samið er um í kjarasamningum og ráðningarsamningum og hvert sé ferlið kringum slík mál og undirskriftir og samþykki hverra þurfi til.

Starfslokasamningur er samningur um að starfsmaður láti af starfi, án þess að starfsmaður segi upp, starf er lagt niður eða starfslok verði með öðrum hætti en kveðið er á um í kjarasamningum. Umboðsmaður Alþingis hefur í umfjöllun kveðið á um að hugtakið starfslokasamningur sé ekki fastmótað í íslenskum rétti, sjá t.a.m. umfjöllun í álit umboðsmanns Alþingis í [máli nr. 4962/2007](#). Miða mætti við samt sem áður að gerður sé samningur um starfslok við starfsmann t.d. áður en hann nær aldurshámarki eða tímabundin skipun eða ráðning væri á enda. Starfslokasamningur er eftir atvikum greiðsla sem nemur uppsagnarfresti starfsmanns, í einstaka tilvikum lengri launagreiðsla eða aðrar breytingar á starfskjörum. Ekki er fjallað um starfslokasamninga í kjarasamningum.

Kópavogsbær gerir starfslokasamninga einungis í algjörum undantekningartilvikum og þarf þá að liggja ljóst fyrir að starfslokasamningur sé vilji og hagur beggja aðila. Starfsfólk skal aldrei þvingað út í slíkan samning enda getur slíkt talist til ólögmætrar uppsagnar og kann að leiða til skaðabótaskyldu. Sjá t.a.m. álit umboðsmanns Alþingis í máli [nr. 10135/2019](#). Í þeim tilvikum þar sem atvik eru með þeim hætti að reglur kjarasamninga eiga við um starfslok skal ávallt fylgja kjarasamningum. Komi til greina að gera starfslokasamning er stjórnendum hjá Kópavogsbæ skylt að eiga samráð við mannauðsstjóra og sviðsstjóra fagsviða eða skrifstofustjóra þeirra skrifstofa sem heyra beint undir bæjarstjóra. Þegar við á er einnig haft samráð við bæjarstjóra. Viðkomandi stjórnandi skrifar að jafnaði undir starfslokasamning. Kópavogsbær hefur sett sér vinnulýsingu um starfslok, VLS-0050, síðast útgefin í janúar 2023, og þar er að finna leiðbeiningar um starfslokasamninga. Mannauðsstjóri og lögfræðipjónusta veita stjórnendum einnig leiðbeiningar um starfslok og farið er yfir þessi atriði á stjórnendanámskeiðum um starfslok, sem Kópavogsbær heldur reglulega.

Á kjörtímabilinu 2022-2026 hafa verið gerðir alls níu starfslokasamningar, fjórir á menntasviði, þrír á umhverfissviði, einn á fjármálasviði og einn á velferðarsviði. Samningarnir eru hjálagaðir.

Virðingarfyllst,

Sigríður Prúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri

